

Nd.

427. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

A. **Ávisun:** Tékka og allar tegundir ávisana, innlendar og erlendar, þótt ekki séu í venjulegu ávisanaformi, ef ráðstafað er greiðslu ákveðinnar fjárhæðar frá vissum aðila, þannig að raunverulega er um ávisun að ræða, þar með talin bréf, skeyti eða skjöl, sem innihalda slíka ákvörðun eða beiðni. Sama er, hvort greiðsla miðast við sýningu, ákveðinn tíma eða endurtekna greiðslu með vissu millibili, eða hvort greiðsla á fram að fara í peningum, með víxlum, ávisunum eða öðrum gjaldmiðli. Og sama er þótt greiðsla sé skilorðsbundin, eða hvort nokkuð reynist til fyrir ávisun eða eigi.

Hér til teljast þó eigi neinar tegundir bankaseðla, víxlar, arðmiðar, vaxtamiðar eða vöruávisanir.

B. **Kvittun:** Allar viðurkenningar fyrir greiðslu eða innborgun á ákveðinni fjárhæð, hvort sem þær eru í venjulegu kvittunarformi eða færðar á reikninga eða önnur skjöl, þar með taldir farseðlar og farmiðar, og sérhver önnur áletrun eða stimplun, sem felur í sér slíka viðurkenningu. Sama er, hvort greiðsla hefir farið fram í peningum, með víxli, ávisun (sbr. A.-lið) eða hverjum öðrum gjaldmiðli. Hér til teljast og allar viðurkenningar fyrir lúkningu skuldar eða greiðslu einhverrar skuldakröfu að einhverju eða öllu leyti, í hverju sem greiðsla hefir fram farið. Sama er, hvort kvittun er undirrituð eða eigi.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera nýja tegund stimpilmerkja, er kallast greiðslumerki. Það ákveður um gerð merkjanna, hvernig haga skuli sölu á þeim og reikningsskilum, og hversu þau skuli gera ónothæf. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að láta gera ávisanahefti og kvittanahefti með áletruðu greiðslumerki, og má nota eyðublöð úr þeim í stað þess að lima merkin á ávisunina eða kvittunina.

3. gr.

Ávisanir þær og kvittanir, sem um ræðir í 1. gr., skal stimpla með greiðslumerkjum, ef fjárhæð sú, sem ávisun eða kvittun hljóðar á, nemur 20 kr. eða meira. Skulu greiðslumerkin vera þrennskonar, eftir fjárhæð ávisunar eða kvittunar, þannig:

Frá 20 kr. til 50 kr.	5 aurar
— 50 — — 500 —	20 —
— 500 — og þar yfir	50 —

Hljóði ávisun um greiðslu til fleiri en eins aðila, telst hver greiðsla sem sérstök ávisun. Hljóði ávisun á endurtekna greiðslu um óákveðinn tíma, þannig að

ekki verður vitað, hve miklu þær nema samanlagðar, skal stimpla þær með hæsta greiðslumerki.

4. gr.

Kvittanir og ávisanir, sem gefnar eru út hér á landi, skal stimpla um leið og þær eru útgefnar eða áður en til afhendingar kemur, og hvílir stimplunarskyldan á útgefanda, enda er öllum heimilt að hafa greiðslumerki undir höndum. Það varðar sektum að taka við óstimplaðri ávísun eða kvittun, nema viðtakandi láti þegar í stað sjá um, að stimplað sé, en stimplun þessi leysir ekki útgefanda frá sektum.

Ávisanir þær (eða kvittanir), sem gefnar eru út erlendis óstimplaðar, skal stimpla áður en þær eru hér greiddar eða framseldar, og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef hann er til staðar, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina.

5. gr.

Undanþegið þessu sérstaka stimpilgjaldi er:

- A. 1. Ávisanir útgefnar af junnendum bönkum eða sparisjóðum.
2. Ávisanir gefnar út af stjórnarráði Íslands fyrir opinberum greiðslum eða gjöldum úr rikissjóði.
3. Ávisanir útgefnar innanlands til greiðslu opinberra gjalda eða fyrir öðrum gjöldum í rikissjóð.
- B. 1. Kvittanir fyrir innborgun til banka eða sparisjóða, þegar lagt er inn í eigin reikning.
2. Kvittanir fyrir opinberum gjöldum eða öðrum greiðslum í rikissjóð.
3. Kvittanir fyrir vinnulaunum, ef þær nema ekki yfir 100 kr. og ekki er um hluta af föstu mánaðar- eða árskaupi að ræða.
4. Kvittanir eða viðurkenningar fyrir móttöku íslenskra afurða beint frá framleiðendum, enda nemi þær ekki yfir 600 kr.
5. Kvittanir fyrir endurgreiðslu á tolli eða öðrum ofreiknuðum gjöldum í rikissjóð.
6. Kvittanir fyrir vixlum eða ávísunum, sem afhent er til innheimtu eða til sýningar.
7. Kvittanir innfærðar á skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt stimpillögum, fyrir greiðslu eða afborgun þeirrar fjárhæðar, sem í þeim er tilgreind, þar með talin framsöl á ávísunum og vixlum.
8. Öll skjöl, sem stimpilskyld eru samkvæmt lögum um stimpilgjald, nr. 75 27. júní 1921, enda þótt þau geti talizt ávísun eða kvittun.

6. gr.

Ef í sama skjali er innifalin fleiri en ein ávísun eða kvittun, eða bæði ávísun og kvittun, skal stimpla hverja ávísun eða kvittun fyrir sig.

7. gr.

Þegar ávísun eða kvittun er gefin út í fleira en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskyld. Skal þess getið í hinum óstimpluðu-eintökum, hvornig frum-eintakið er stimplað.

8. gr.

Stimpilgjald greiðist annaðhvort með því að nota stimplaða ávísun eða kvittun eða lima greiðslumerki á skjalið, eða hvorttveggja.

9. gr.

Eigi má gefa út ávísun eða kvittun í meira en einu lagi fyrir sömu fjárhæð eða greiðslu til þess að komast hjá stimpilgjaldi samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Allir opinberir starfsmenn hafa sömu skyldu til að sjá um, að lögum þessum sé framfylgt, og ákveðin er í 53. gr. laga um stimpilgjald. Sömu skyldu hafa og starfsmenn banka og sparisjóða. Heimilt er fjármálaráðuneytinu að láta fara fram athugun á bókum og skjölum þeirra, sem bókhaldsskyldir eru að lögum, til þess að rannsaka, hvort ákvæði þessara laga um stimplun hafi verið brotin.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—300 krónum, er renna í ríkissjóð, auk greiðslu hins vantandi stimpilgjalds.

Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu fyrstu 3 árin, sem lög þessi gilda, að lækka sektir samkvæmt þeim og jafnvel láta þær niður falla, ef sérstakar ástæður mæla með því.

12. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Að öðru leyti gilda ákvæði stimpillaga, þar sem þau eiga við.

14. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga og stimpilskyldu.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Þörfin á nýjum tekjuauka, ef ríkissjóður á að standast eðlileg framlög til verklegra framkvæmda, er mjög brýn vegna þess, að út litur fyrir, að tolltekjur ríkissjóðs muni rýrna á næsta ári.

Með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að stimpilgjald verði framvegis greitt af ávísunum og kvittunum. Hefir ekki áður verið greitt stimpilgjald af þeim skjölum hér á landi. Víða annarsstaðar hefir svo verið gert.

Stimpilskatti af ávísunum hefir verið komið á í Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Hollandi, Belgíu, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Austurríki og Ungverjalandi. Flestar þessar sömu þjóðir hafa og stimpilgjald af kvittunum, þótt með ýmsum takmörkunum sé. Hefir ýmist verið fylgt þeirri reglu að taka visst stimpilgjald af hverri ávísun eða kvittun, án tillits til fjárhæðar (t. d. í Englandi og Frakk-

landi), eða hafa gjaldið stighækkandi eftir fjárhæðum, og í því tilfalli er stundum sami stimpilgjalds-„stigi“ hafður bæði fyrir ávísanir og víxla.

Við samningu þessa frumvarps hefir aðallega verið stuðzt við ákvæði enskrar löggjafar um þetta efni, að því leyti sem þau eiga hér við. Þó hefir þótt réttara að hafa stimpilgjaldið mismunandi hátt eftir fjárhæðum, heldur en að fylgja ensku reglunni um að hafa sama stimpilgjald af öllum ávísunum eða kvittunum, hvort sem þær eru háar eða lágar. Hinsvegar hefir gjaldið þótt verða of hátt með því að miða við sama gjaldstiga og er á víxlum, eins og sumstaðar hefir verið gert. Er því farin hér sú millileið, að hafa gjaldið frá 5—50 auru eftir fjárhæð, og sleppa við gjald þeim ávísunum eða kvittunum, sem nema minna en 20 kr. Virðist því stimpilgjaldið eigi ákveðið svo hátt, að um tilfinnanlegan útgjaldalið geti verið að ræða fyrir hvern einstakan.

Þá hefir þótt sjálfsagt að hafa hin nýju stimpilmerki frábrugðin þeim, sem fyrir eru, þar eð óhjákvæmilegt er, að þau verði í allra höndum.

Ókleift virðist að gera sér grein fyrir því, hve miklu stimpilgjald samkvæmt frumvarpi þessu muni nema.